



Krabbameinsfélagið Vísindasjóður

Skýrsla stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands um starfsárið 2023

Inngangur: Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands var stofnaður 16. desember 2015 af Krabbameinsfélagi Íslands og aðildarfélögum þess auk þess sem inn í sjóðinn runnu Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna og Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson. Heildarstofnfé sjóðsins var 254,6 milljónir króna.

Tilgangur: Samkvæmt stofnskrá er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum, m.a. með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklunga.

Stjórn: Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skipa sjö einstaklingar, tilnefndir til þriggja ára í senn af stjórn Krabbameinsfélags Íslands, og tveir til vara.

Í stjórn sjóðsins árið 2023 sátu Ragnheiður Haraldsdóttir, formaður, Ásgerður Sverrisdóttir, varaformaður, Birna Þórisdóttir, Ársæll Már Arnarsson, Helgi Sigurðsson, Þorsteinn Víglundsson og Vilhjálmur Bjarnason. Freyja Birgisdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir komu nýjar inn í stjórn sem varamenn.

Stjórnarfundir: Stjórnin hélt sjö stjórnarfundir á árinu 2023, 2. febrúar, 6. júní, 12. september, 18. október, 7. nóvember, 23. nóvember, 11. desember.

Á febrúarfundinum voru nýir stjórnarmenn kynntir. Gerð var grein fyrir nýgerðum samstarfssamningi milli Vísindasjóðsins, Krabbameinsfélagsins og Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna um meðferð umsókna og úthlutun styrkja úr Rynkebyssjóði Styrktarfélags Krabbameinssjúkra barna. Ákveðið var jafnframt að stefna á því að um 30% úthlutunar færi til klínískra rannsókna.

Á júnífundinum var ársreikningur Vísindasjóðs samþykktur ásamt ársskýrslu. Styrkir voru ákveðnir ásamt fyrirkomulagi úthlutunar. Áfram var rætt um fjáröflun fyrir Vísindasjóð.

Á septemberfundinum var farið yfir samantekt formanns um stöðu sjóðsins og hugmyndir um endurskoðun á regluverki VKÍ.

Á októberfundinum var farið yfir samantekt formanns VKÍ um tillögur sem hafa verið ræddar af hálfu stjórnarmanna um breytingar á sjóðnum og regluverki hans (12 tillögur).

Á fyrri nóvemberfundinum var farið yfir úthlutanir úr VKÍ síðustu ár m.t.t. stofnframlags Kristínar Björnsdóttur og áfram rætt um tillögu að breytingum á regluverki VKÍ.

Á seinni nóvemberfundinum var farið yfir breytingar á regluverki vegna sérstakrar úthlutunar til stærri verkefna (með tilliti til stofnframlags Kristínar Björnsdóttur). Breytingar á öðru regluverki sjóðsins voru samþykktar.

Á desemberfundi kom fram að breytingar á skipulagsskrá sjóðsins væru til samþykktar hjá stjórn KÍ og færu síðan til sýslumanns á Norðurlandi vestra til samþykktar. Samþykktar voru sérstakar úthlutunarreglur vegna stærri úthlutunar. Einnig var farið yfir úthlutanir VKÍ síðastliðin ár. Þetta var seinasti fundur formanns stjórnar VKÍ og var henni þakkað fyrir þá vinnu sem hún lagði til sjóðsins m.a. í endurskoðun á regluverki hans.

Opnir fundir: Stjórnin boðaði til tveggja opinna funda, í júní þar sem styrkveitingar ársins voru kynntar og til fræðslufundar í september með Krabbameinsfélaginu.

Fjármál: Ársreikningur sjóðsins, dags. af endurskoðanda 6. júní 2023, var staðfestur og undirritaður af stjórn sjóðsins 6. júní 2023. Starfsmenn Krabbameinsfélags Íslands annast fjárhagslega umsýslu sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu hans.

Styrkumsóknir: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins skal stjórn hans auglýsa eftir umsóknum um styrki í byrjun febrúar ár hvert og annast styrkveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands. Hlutverk Vísindaráðsins er að leggja mat á gæði umsókna, færni rannsakenda o.fl. samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum sjóðsstjórnar. Í samræmi við þetta var þann 9. febrúar auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Alls bárust 28 umsóknir að upphæð 201,5 milljónir króna. Vísindaráð Krabbameinsfélagsins fór yfir umsóknirnar og ritaði umsögn um hverja umsókn. Stjórn Vísindasjóðsins fór í kjölfarið yfir umsóknir, umsagnir og tillögur Vísindaráðsins og tók ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum á fundi sínum 6. júní 2023.

Úthlutun styrkja: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins hefur sjóðsstjórn árlega til ráðstöfunar tekjur sjóðsins á liðnu starfsári auk þess sem sjóðsstjórn er heimilt að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga. Þeir fjármunir sem ekki eru nýttir til styrkveitinga eru lausir til ráðstöfunar næsta ár. Höfuðstóll laus til styrkveitinga í árslok 2022 var 107,4 milljónir króna.

Að fenginni umsögn Vísindaráðsins og í kjölfar mats á fyrirliggjandi umsóknum var ákveðið að styrkja fjórar nýjar rannsóknir og veita átta rannsóknum framhaldsstyrki í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins. Niðurstaða stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins var að úthluta 71,1 milljónum króna til þessara tólf rannsóknarverkefna.

Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8, Reykjavík, þann 21.júní.

Við úthlutunina gerðu Ragnheiður Haraldsdóttir, formaður stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins, og Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, mikilvægi sjóðsins að umtalsefni. Vísindamenn hafa lýst stofnun sjóðsins sem byltingu í krabbameinsrannsóknum hér á landi. Ragnheiður Haraldsdóttir afhenti styrkþegum sjóðsins styrki og óskaði þeim velfarnaðar í sínum störfum. Rósa Guðbjartsdóttir, formaður Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, afhenti styrki úr Rynkeby-sjóðnum.

Kynningarmál: Formaður Vísindasjóðsins skrifaði pistil í „Skoðun“ í Vísi þann 28. maí þar sem hún fjallaði um sjóðinn og úthlutanir úr honum. Í tengslum við málþing þann 21. september var viðtal í Mannlega þættinum á Rás 1, málþingið var nefnt í Kastljósi og hægt var að horfa á málþingið í beinu streymi á Vísi.

Málþing: Krabbameinsfélagið ásamt Vísindasjóði bauð til árlegs málþings í tilefni af alþjóðadegi krabbameinsrannsókna, sem haldið var í húsi Krabbameinsfélagsins þann 21. september. Fyrirkomulagið í ár var þannig að byrjað var á málþingi þar sem fjallað var um mikilvægi sjóðsins, sagt frá rannsóknum sem hlotið hafa styrki og krabbameinsgreindir sögðu sínar sögur. Síðan var haldið

upp á fjórðu hæð þar sem vísindamenn voru með veggspjaldakynningar á rannsóknum sínum og gestum vorum boðnar léttar veitingar.

Styrkþegar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins 2023:

Berglind Eva Benediktsdóttir hlýtur 4.800.000 kr. styrk fyrir rannsóknina: Sækni sérhannaðra utanfrumubóla í EGFR-jákvæðar brjóstakrabbameinsfrumur.

Berglind Ósk Einarsdóttir hlýtur **8.000.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Hlutverk MITF í hindrun ónæmissvars sortuæxla.

Guðrún Valdimarsdóttir hlýtur **6.000.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Æxlingar úr brjóstakrabbameinssjúklingum meðhöndlaðir með æðapels-sértækum sameindalyfjum.

Gunnhildur Ásta Traustadóttir hlýtur **2.000.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Mat á áhrifum sértækrar peptíð-ferju á krabbameinsfrumur í þrívíðri rækt.

Jens G. Hjörleifsson hlýtur **5.500.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Þróun á hrifilnæmum sykurofshindrum gegn krabbameini.

Margrét Helga Ögmundsdóttir hlýtur **8.000.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Hlutverk ATG7 í samspili uppbyggingar og niðurbrots í krabbameinsfrumum.

Nanna Friðriksdóttir hlýtur **2.400.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Forprófun á íslenskri þýðingu spurningabanka um aukaverkanir og einkenni hjá einstaklingum með krabbamein (NCI PRO-CTCAE).

Pétur Orri Heiðarsson hlýtur **7.900.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Hlutverk óreiðusvæða í starfsemi MITF.

Sigurður Yngvi Kristinsson hlýtur **7.800.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Klínískt notagildi frumuflæðisjárrannsókna í forstigum mergæxlis og áhrif nærumhverfis mergæxlisfrumna á sjúkdómsframvindu.

Stefán Sigurðsson hlýtur **8.000.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Hlutverk MITF í að viðhalda stöðugleika erfðaefnisins.

Tómas Guðbjartsson hlýtur **2.800.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Nýjungar í skurðmeðferð lungnakrabbameina.

Þórhildur Halldórsdóttir hlýtur **7.900.000 kr.** styrk fyrir rannsóknina: Seinkun aldursklukkunnar.

Lokaorð: Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins hefur nú starfað í rúm átta ár og hefur á þeim árum verið úthlutað 455,5 milljónum til 47 rannsókna. Þetta er því öflugur sjóður sem hefur gjörbreytt stöðu rannsókna á þessu sviði hér á landi. Þessi árangur hefur náðst með margvíslegum stuðningi Krabbameinsfélagsins, sem með ráðum og dáð hefur staðið að baki Vísindasjóðsins frá upphafi. Stuðningur Krabbameinsfélagsins byggir svo á einstökum vilja og áhuga þjóðarinnar á að efla vísindarannsóknirnar. Framlög einstaklinga og fyrirtækja til fjáraflana Krabbameinsfélagsins varpa ljósi á þennan vilja og vega þungt. Það fylgir því mikil ábyrgð að nýta slík framlög sem best og réttast.

Leggja margir einstaklingar m.a. í Vísindaráði Krabbameinsfélagsins og stjórn Vísindasjóðs félagsins töluvert mikla sjálfboðna vinnu af mörkum til að standa undir þessu trausti.

Í ár var ákveðið að fara yfir regluverk sjóðsins, sem hefur verið að mestu óbreytt frá upphafi. Mestmegnis var um að ræða fremur einfaldar breytingar sem gera þurfti í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur undangengin ár. Einnig var skýrt betur hvernig standa mætti að sérstakri úthlutun í anda Sjóðs Kristínar Björnsdóttur. Margir komu að þessari endurskoðun og eru þeim öllum færðar þakkir.

Á árinu tóku Vísindaráðið og stjórn Vísindasjóðsins að sér að halda utan um svonefndan Rynkeby sjóð fyrir Samtök krabbameinssjúkra barna (SKB). Voru styrkumsóknir og styrkveitingar úr þeim sjóði felldar inn í vinnuferli Vísindasjóðsins.

Tekin var upp sú ánægjuleg nýbreytni af hálfu Krabbameinafélagsins og sjóðsins á alþjóðlegum degi krabbameinsrannsókna að kynna íslenskar krabbameinsrannsóknir bæði í fyrirlestrum og með veggspjaldakynningum. Það var ánægjulegt að sjá staðfest á fjölda rannsókna og gæðum þeirra að sú algenga staðhæfing að Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins hafi valdið byltingu í krabbameinsrannsóknnum á við rök að styðjast.

Nú þegar undirrituð lýkur störfum fyrir Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins eru færðar þakkir öllum þeim fjölmörgu sem hafa með framlagi sínu undanfarin ár tryggt að Vísindasjóðurinn er eins öflugur og raun ber vitni. Sérstakar þakkir fá þeir sem starfað hafa í stjórn Vísindasjóðsins og í Vísindaráðinu þessi ár fyrir lærdómsríkt og gefandi samstarf. Fyrir sérstaka aðstoð og samstarf þetta starfsár eru Höllu Þorvaldsdóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsfélagsins og Hrefnu Stefánsdóttur, starfsmanni Vísindasjóðsins, færðar þakkir fyrir frjótt og skemmtilegt samstarf.

Enda þótt Vísindasjóðurinn sé þegar vel í stakk búinn og hafi skilað miklum árangri hefur hann mikla möguleika til frekari vaxtar og þar með til að reynast enn gagnlegri fyrir þróun þekkingar á sviði krabbameinsrannsókna. Hann á sterka systursjóði hjá Krabbameinsfélögum á Norðurlöndum, sem varða veginn.

Krabbameinsfélagi Íslands er óskað þess að því takist að gæta fjöreggs síns og að Vísindasjóðurinn starfi ætíð í anda þeirra markmiða og gilda sem hann byggir á.

Ragnheiður Haraldsdóttir, fyrrverandi formaður stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands